


Alþingi
Erindi nr. B 120/664
komudagur 16/1 1996

NÁTTÚRUVERNÐARRÁÐ



Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Þórsharmi við Templarasund
150 Reykjavík

12. janúar 1996
Snr. 11.23. AJ

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 12. desember 1995, um tillögu til þingsályktunar um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal.

Fjallað var um málið á fundi ráðsins þann 8. desember 1995 og aftur á fundi ráðsins þann 11. janúar sl. Samþykkt var að vísa til afgreiðslu ráðsins frá 8. desember og fylgir bréf ráðsins til umhverfisnefndar, dags. 11. desember sl., bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Aðalheiður Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi: Bréf Náttúruverndarráðs, dags. 11. desember 1995.
Skjalasafi: 11.21.



Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

11. desember 1995
Snr. 11.23. AJ

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í
Haukadal**

Náttúruverndarráð hefur á fundi sínum þann 8. desember sl. fjallað um tillögu til þingsályktunar um verndun jarðhitasvæðisins við Geysi í Haukadal, 179. mál.

Náttúruverndarráð telur brýnt að tillagan verði samþykkt og vísar m.a. til fundar umhverfisnefndar Alþingis og Náttúruverndarráðs, sem haldinn var í október sl., og bréfs, dags. 17. október, sem ritað var í kjölfar fundarins. Bréfinu fylgir yfirlit yfir verkefni sem nauðsynlega þarf að ljúka við eða hefja á næsta ári. Tvö verkefnanna varða Geysi, annað rannsóknir á svæðinu en hitt uppbyggingu svæðisins.

Virðingarfyllst,

Arnþór Garðarsson
formaður

Aðalheiður Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri

Meðf.: Jarðhitasvæðið á Geysi. Athuganir við Geysi skv. heimildum og rannsóknir 1992.
Jarðhitasvæðið á Geysi. Mælingar á rennsli 1994.
Geysir í Haukadal. Greinargerð með skipulagstillögu.
Afrít: Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneyti.
Skjalasafn: Geysir í Haukadal.